

Ársskýrsla 2024

Tryggingastofnun



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	3	Lífeyrir hjá TR eftir aldri og kyni árið 2024	27	Samræmd könnun á þjónustu ríkisstofnana	47
Gildi TR	6	Nýgengi	28	Ánægja með þjónustu	48
Hlutverk TR	7	Nýjar umsóknir um ellilífeyri	29	Umboðsskrifstofur TR utan höfuðborgarsvæðisins	49
Stefna TR	8	Umönnunarmat barna	30	Endurreikningur og uppgjör	50
Ellilífeyrir	9	Umönnunargreiðslur	31	Samráðsnefnd	51
Örorkulífeyrir	10			Stafrænt öryggi og persónuvernd	52
Endurhæfingarlífeyrir	11	Greiðslur	32	Vefur TR opnaður á Ísland.is 10. apríl	53
Aðrir greiðsluflokkar	12	Heildargreiðslur	33		
		Helstu greiðslur eftir landshlutum	35	Ylja	54
		Greiðslur til annara landa	36	Ylja – nýtt örorku og endurhæfingarlífeyriskerfi	55
Viðskiptavinir	13				
TR árið 2024	14	Þjónusta	37	Við erum TR	58
Fjöldi einstaklinga	15	Fjöldi erinda árið 2024	38	Mannauður TR í tölum	59
Hlutfall landsmanna	16	Símaþjónusta	39	Fjöldi viðskiptavina á hvert stöðugildi starfsmanna TR	60
Ellilífeyrir	17	Hægt að bóka viðtöl í gegnum Noona appið	40	Vinnustaðamenning	61
Fjöldi ellilífeyrisþega	18	Fjöldi umsókna eftir árum	41	Við erum stolt af starfi okkar	62
Fjöldi og hlutfall ellilífeyrisþega eftir aldri	19	Fjöldi viðtala í þjónustumiðstöð	42	Stefnur	63
Aldurshópurinn 70-79 ára	20	Fræðslufundir og heimsóknir til TR	43	Rekstur	64
Örorkulífeyrir	21	Heimsóknir á tr.is	44	Framkvæmdastjórn	65
Fjöldi og hlutfall endurhæfingarlífeyrisþega	22	Innskráningar á Mínar síður TR	45		
Helstu ástæður 75% örorkumats	23	Þjónustukönnun TR	46		
Helstu ástæður endurhæfingar-lífeyris	25				

Ávarp forstjóra



Huld Magnúsdóttir forstjóri

Árið 2024 var viðburðaríkt og krefjandi ár fyrir Tryggingastofnun (TR). Við höfum staðið frammi fyrir fjölmörgum áskorunum og tækifærum sem hafa kallað á sveigjanleika, fagmennsku og framsækni í starfsháttum okkar. Ég er stolt af því hvernig við höfum tekist á við þessar áskoranir og náð að bæta þjónustu okkar við ört vaxandi hóp viðskiptavina.

Hlutverk og markmið TR

Hlutverk TR er að greiða lífeyri og aðrar tengdar greiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni langveikra barna. Við leggjum áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu, sýna fagmennsku í starfsháttum og vera framsækinn vinnustaður. Við þurfum að vera reiðubúin að bregðast hratt við breyttum kröfum og lagabreytingum, og jafnframt erum við að bæta þjónustuna með aukinni stafrænni þjónustu.

Fjölgun viðskiptavina

Á árinu 2024 fengu 83.787 einstaklingar greiðslur frá TR, sem er 21% aukning frá árinu 2014. Hlutfall

ellilífeyrisþega hækkar úr 10,2% árið 2014 í 11,3% árið 2024. Hlutfall þeirra sem fá örorkulífeyri hjá TR af landsmönnum búsettum á Íslandi hefur verið nokkuð stöðugt síðastliðin 10 ár eða rúmlega 5% en hlutfallið fer þó lækkandi. Einstaklingum sem fá endurhæfingarlífeyri hjá TR fjölgar sem hlutfall af landsmönnum úr 0,8% árið 2014 í 1,8% árið 2024.

Fjölgun viðskiptavina hefur kallað á aukna þjónustu og sveigjanleika í starfsemi TR. Við höfum lagt mikla áherslu á að bæta stafræna þjónustu til að mæta auknum kröfum og tryggja að viðskiptavinir okkar fái bestu mögulegu þjónustu. Við höfum einnig lagt ríka áherslu á að bæta aðgengi að upplýsingum og ráðgjöf frá TR.

Ellilífeyrir, örorkulífeyrir og endurhæfingarlífeyrir

Stærstu greiðsluflokkarnir hjá TR eru ellilífeyrir, örorkulífeyrir og endurhæfingarlífeyrir. Á árinu 2024 fengu 44.470 einstaklingar ellilífeyri, 20.767 fengu örorkulífeyri og 6.883 fengu endurhæfingarlífeyri.



Stærsti hópurinn sem fékk greiðslur ellilífeyris frá TR á árinu 2024 er á aldrinum 70-79 ára eða tæplega 24 þúsund einstaklingar sem er 84,5% af þeim aldurshópi sem búsettur er á Íslandi. Í aldurshópnum 80-89 ára eru rúmlega 11 þúsund einstaklingar sem fá greiðslur frá TR sem er tæp 95% af aldurshópnum búsettum hér á landi.

Að meðaltali fengu 2,8% landsmanna á aldrinum 18-66 ára greiddan endurhæfingarlífeyri á árinu 2024. Hlutfallsdreifingin er nokkuð jöfn á milli aldurshópa en lægst er hún í aldurshópnum 60 - 66 ára 2,1% en hæst í aldurshópnum 30-49 ára þar sem það er 3,2%. Hlutfall kvenna sem fékk endurhæfingarlífeyri var 3,6% en karla 2% á öllum aldursbilum.

Aukning er í öllum greiningum í endurhæfingu frá árinu 2014 og að meðaltali hafa greiningar þrefaldast síðastliðin 10 ár. Vert er að nefna að greiningin geðraskanir hefur fimmfaldast á 10 árum. Mikil aukning er í greiðslum endurhæfingarlífeyris, en milli áranna 2023 og 2024, fjölgaði einstaklingum með greiðslur

endurhæfingarlífeyris um 25%. Nýgengi örorku lækkar lítillega milli ára og hefur það verið þróunin undanfarin ár.

Greiðslur

Tryggingastofnun greiddi til tæplega 84 þúsund einstaklinga árið 2024 og voru heildargreiðslur tæplega 224 milljarðar króna samanborið við rúmlega 204 milljarðar vegna ársins 2023. Stærsti greiðsluflokkurinn er ellilífeyrir sem árið 2024 var tæpir 112 milljarðar króna en var rúmir 103 milljarðar króna árið 2023. Örorkulífeyrir var tæpir 78.5 milljarðar króna árið 2024 en var rétt rúmir 74 milljarðar króna árið 2023. Endurhæfingarlífeyrir var tæpir 21 milljarður árið 2024 en var tæpir 15 milljarður 2023.

Nýtt örorku- og endurhæfingarkerfi

Á árinu 2024 voru samþykkt ný lög á Alþingi sem fela í sér umfangsmiklar breytingar á örorku- og endurhæfingarkerfinu. Nýja kerfið, sem tekur gildi 1. september 2025, mun einfalda og bæta þjónustu við þá sem fá greiddan örorku- og endurhæfingarlífeyri. Meðal breytinga eru nýjar

sjúkra- og endurhæfingargreiðslur, virknistyrkur og hlutaörorkulífeyrir. Markmið breytinganna er að bæta afkomu þeirra sem fá greiddan lífeyri, draga úr tekjutengingum og auka hvata til atvinnuþátttöku.

Mikil vinna fór fram hjá TR allt árið 2024 við undirbúning þessa viðamikla verkefnis en innleiðing hins nýja kerfis er með stærri verkefnum sem Tryggingastofnun hefur fengist við á löngum ferli. Um er að ræða nýtt örorkumat sem heitir samþætt sérfræðimat og kemur í stað örorkumats sem verið hefur í notkun á Íslandi í rúman aldarfjórðung. Einnig hófst undirbúningur við nýtt fyrirkomulag samstarfs milli þjónustuaðila með samhæfingarteymum og hönnun á nýrri þjónustugátt. Innleiðing nýja kerfisins er mjög tæknilegt verkefni og kallar á breytingar á hönnun stafrænna kerfa TR sem og hönnun nýrra kerfa.

Þjónusta og viðhorfskannanir

Við hjá TR leggjum metnað í að þjónusta viðskiptavini okkar með sem allra bestum hætti. Á



árinu 2024 bárust 72.429 símtöl til TR og 21.889 viðtöl voru tekin í þjónustumiðstöð okkar. Við höfum einnig bætt við nýrri þjónustu þar sem viðskiptavinir geta pantað viðtal við ráðgjafa í gegnum Noona appið. Þjónustukannanir sýna að viðskiptavinir okkar eru almennt ánægðir með þjónustu TR, en við munum halda áfram að leita leiða til að bæta hana enn frekar.

Vefur TR fluttur yfir á Ísland.is

Skýrar upplýsingar eru meðal þess sem við hjá TR leggjum áherslu á í starfi okkar. Allt efni var yfirfarið og uppfært á tr.is þegar vefurinn okkar var fluttur yfir á Ísland.is. Markmiðið með flutningi á Ísland.is var að einfalda leit að upplýsingum um almannatryggingar og auðvelda notendum að finna upplýsingar um réttindi og greiðslur í kerfinu. Hluti af flutningnum á Ísland.is er þjónustuvefur þar sem finna má svör við algengum spurningum þannig að notendur eru leiddir áfram til að finna rétt svar. Það er mun öflugri þjónusta en við höfum getað boðið uppá hingað til og mikið framfaraspor.

Stafrænt öryggi og persónuvernd

TR leggur mikla áherslu á stafrænt öryggi og persónuvernd í allri starfsemi sinni. Á árinu 2024 gerðum við samning við Defend Iceland til að tryggja aukið netöryggi og verndun viðkvæmra

gagna. Við höfum einnig gert samkomulag við lífeyrissjóði um stafræna miðlun upplýsinga, sem einfaldar umsóknaferilinn fyrir viðskiptavinum okkar.

Við erum TR

Í árslok 2024 störfuðu 108 hjá TR, þar af 32 karlar og 76 konur. Við erum stolt af fjölbreyttri menntun og reynslu starfsfólks okkar, sem gerir okkur kleift að veita framúrskarandi þjónustu. Við leggjum mikla áherslu á vellíðan starfsfólks og höfum gert samning við Kara Connect til að bæta vellíðan starfsfólks og starfsánægju.

Við horfum björtum augum til framtíðar og munum halda áfram að vinna að því að bæta þjónustu, vera framsækin og sveigjanleg stofnun sem bregst hratt við breyttum kröfum og laga-breytingum.

Tryggingastofnun átti gott samstarf við ýmsa hagaðila á árinu og við þökkum þeim sérstaklega fyrir málefnalega og heiðarlega samvinnu.

TR hefur á að skipa frábæru starfsfólki sem veitir faglega, framúrskarandi þjónustu og er þeim öllum þakkað sérstaklega fyrir vel unnin störf á árinu. Leiðarljós okkar í öllum störfum eru gildi TR sem eru metnaður, samvinna og traust.

Gildi TR

Traust

Að vera fagleg
og áreiðanleg
í störfum okkar

Samvinna

Að vinna saman að
því að mæta ólíkum
þörfum viðskiptavina

Metnaður

Að sýna frumkvæði og
beina kröftum okkar og
þekkingu að því að gera
sífelld betur


Hlutverk TR

Hlutverk TR er að greiða lífeyri og aðrar tengdar greiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni langveikra barna, auk þess að sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin hverju sinni.

Markmið okkar sem störfum hjá TR er að veita ætíð framúrskarandi þjónustu, sýna fagmennsku í starfsháttum og vera framsækinn vinnustaður. Við þurfum að sýna sveigjanleika og vera reiðubúin að bregðast hratt við breyttum kröfum og laga-breytingum. Okkar markmið er að bæta þjónustuna við ört vaxandi hóp viðskiptavina, m.a. með aukinni stafrænni þjónustu.

Tryggingastofnun greiðir lífeyri og ýmsar aðrar greiðslur en stærstu greiðsluflokkarnir eru elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyrir.





Stefna TR

Stefna TR er að veita ætíð framúrskarandi þjónustu, sýna fagmennsku í starfsháttum og vera framsækinn vinnustaður. Leiðarljós okkar í öllum störfum eru gildi TR sem eru metnaður, samvinna og traust. Við erum hlý, skýr og upplýsandi gagnvart viðskiptavinum, hagaðilum og hvert öðru.

Stefnuhringur TR er áttaviti um áherslur og hefur það að markmiði að tengja saman stefnuáherslur sem eru skilvirkni, samskipti og mannauður.

Ellilífeyrir

Þau sem eru 65 ára og eldri og hafa átt lögheimili á Íslandi í minnst þrjú ár, geta átt einhvern rétt á elli-lífeyri, en almennt myndast réttur við 67 ára aldur.

Möguleg réttindi

Fresta/flýta töku

Ellilífeyrir sjómanna

Barnalífeyrir

Félagslegur stuðningur
við aldraða

Heimilisuppbót

Maka- og
umönnunarbætur

Bifreiðamál

Uppbót á lífeyri

Ellilífeyrir



Ferli umsókna

Umsókn

Staðfesting að sótt hafi
verið um hjá lífeyrissjóði

Tekjuáætlun

Greiðsluáætlun frá TR

Upplýsingar um nýtingu
skattkorts



Örorkulífeyrir

Örorkulífeyrir er ætlaður einstaklingum 18-66 ára sem geta ekki unnið fulla vinnu sökum skertrar starfsgetu. Sækja þarf um að fara í örorkumat þar sem færni er metin. Ef um 75% örorku er að ræða fær einstaklingur greiddan örorkulífeyri.

Möguleg réttindi

Bifreiðamál

Örorkustyrkur

Barnalífeyrir

Barnalífeyrir vegna náms

Heimilisuppbót

Uppbót á lífeyri

Maka- og umönnunarbætur

Örorkulífeyrir



Ferli umsókna

Umsókn

Fagaðilar

Læknisvottorð

Spurningalisti vegna færniskerðingar

Tekjuáætlun

Greiðsluáætlun frá TR

Endurhæfingar- lífeyrir

Endurhæfingarlífeyrir er ætlaður þeim sem eru 18-66 ára og eru óvinnufær vegna sjúkdóma eða slysa og eru í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað. Meginskilyrði fyrir veitingu endurhæfingarlífeyris er að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu hjá fagaðila með það að markmiði að auka starfshæfni. Hægt er að fá endurhæfingarlífeyri til allt að 36 mánaða og mögulegt er að framlengja tímabilið um allt að 24 mánuði.

Möguleg réttindi

Heimilisuppbót

Uppbót á lífeyri

Barnalífeyrir

Barnalífeyrir vegna náms

Maka- og
umönnunarbætur

Endurhæfingar- lífeyrir



Ferli umsókna

Umsókn

Fagaðilar

Læknisvottorð


Endurhæfingaráætlun

Tekjuáætlun





Greiðsluáætlun frá TR



Aðrir greiðsluflokkar



Viðskiptavinir



TR árið 2024

83.787

Heildarfjöldi einstaklinga
með greiðslur frá TR.



44.470

ellilífeyrisþegar



20.767

örorkulífeyrisþegar



6.883


endurhæfingarlífeyrisþegar

Fjöldi einstaklinga

Frá árinu 2014 hefur einstaklingum sem fá greiðslur frá TR fjölgað úr tæplega 67.500 í rúmlega 83.700 eða 21%.

Á sama tíma hefur fjöldi karla aukist um 30% og fjöldi kvenna um 16%. Þrátt fyrir það eru konur enn mun fjölmennari hópur sem fær greiðslur en karlar.

Fjöldi einstaklinga sem fengu greitt 2014–2024



Hlutfall landsmanna


Hér má sjá þróun helstu greiðsluflokka TR sem hlutfall af íbúum hér á landi síðustu 10 árin.

Hlutfall ellilífeyrisþega hækkar úr 10,2% árið 2014 í 11,3% árið 2024.

Hlutfall þeirra sem fá örorkulífeyri hjá TR af landsmönnum búsettum á Íslandi hefur verið nokkuð stöðugt síðastliðin 10 ár eða rúmlega 5% en hlutfallið fer þó lækkandi.

Einstaklingum sem fá endurhæfingarlífeyri hjá TR fjölgar sem hlutfall af landsmönnum úr 0,8% árið 2014 í 1,8% árið 2024.

Fjöldi og hlutfall búsettra á Íslandi




Ellilífeyrir



Af öllum búsettum á Íslandi fengu 11,3% greiddan ellilífeyri árið 2024 og hefur hlutfallið hækkað örlítið frá því að vera 10,2% árið 2014.

Fjöldi og hlutfall allra ellilífeyrispega sem búsettir eru á Íslandi




Fjöldi ellilífeyrisþega

Ellilífeyrisþegum hjá TR hefur fjölgað frá árinu 2014 um 34% og fer fjöldi þessa hóps vaxandi þar sem lífaldur fer hækkandi.

Fjöldi karla með greiðslur hjá TR hefur aukist um 37% eða tæplega úr 15 þús í rúm 20 þús á síðustu tíu árum. Konum hefur fjölgað um 30% á sama tíma eða úr rúmum 18.500 í rúm 24 þúsund.

Fjöldi ellilífeyrisþega með greiðslur frá TR og fjölgun milli ára




Fjöldi og hlutfall ellilífeyrisþega eftir aldri

Stærsti hópurinn sem fær ellilífeyri frá TR á árinu 2024 er á aldrinum 70-79 ára eða tæplega 24 þúsund einstaklingar sem er 84,5% af þeim aldurshópi sem búsettur er á Íslandi.

Í aldurshópnum 80-89 ára eru rúmlega 11 þúsund einstaklingar sem fá greiðslur frá TR sem eru tæp 95% af aldurshópnum búsettum hér á landi. Hæsta hlutfallið sem fær greiddan lífeyri frá TR er í þessum aldurshópi.


Elsti aldurshópurinn er fámennari og þá lækkar hlutfallið þar sem allmargir í þeim hópi eru komnir á hjúkrunarheimili og þá breytist eðli greiðslnanna. Hlutfall kvenna er í öllum aldursflokkum hærra en hlutfall karla.



Aldurshópurinn 70-79 ára

Aldurshópurinn 70-79 ára er fjölmennasti aldurs-
hópurinn sem fær greiðslur frá TR. Á síðustu 20
árum hefur þeim sem fá greiðslur frá TR í aldurs-
hópnum fjölgað úr 15.700 árið 2004 tæplega 24
þúsund einstaklinga árið 2024. Hlutfall þeirra sem
fá ellilífeyri frá TR í þessum aldurshópi hefur hins
vegar lækkað á þessum árum úr 96% árið 2004 í
84,5% árið 2024.

Fjöldi og hlutfall ellilífeyrisþega á aldrinum 70-79 ára



Örorkulífeyrir

Að meðaltali fengu

8%


landsmanna á aldrinum 18 til 66 ára greiddan örorkulífeyri á árinu 2024.



Hlutfall kvenna sem fékk örorkulífeyri var 10% en karla 6%.

Nánari skiptingu á milli aldurshópa má sjá á mynd. Lægst er hlutfallið í yngsta aldurshópnum eða 2,5% en fer hækkandi eftir aldri og verður hæst í aldurshópnum 60 til 66 ára eða rúm 21%.

Fjöldi og hlutfall örorkulífeyrisþega eftir aldri



Fjöldi og hlutfall endurhæfingarlífeyrisþega

Að meðaltali fengu


2,8%

landsmanna á aldrinum 18-66 ára greiddan endurhæfingarlífeyri á árinu 2024.



Hlutfallsdreifingin er nokkuð jöfn á milli aldurshópa en lægst er hún í aldurshópnum 60 til 66 ára 2,1% en hæst í aldurshópnum 30 til 49 ára þar sem það er 3,2%. Hlutfall kvenna sem fékk endurhæfingarlífeyri var 3,6% en karla 2% á öllum aldursbilum.

Fjöldi og hlutfall endurhæfingarlífeyrisþega sem fengu greitt frá TR af búsettum á Íslandi á aldrinum 18-66 ára árið 2024




Helstu ástæður 75% örorkumats

Hér má sjá helstu ástæður 75% örorkumats á árinu 2024. Vert er að benda á að um fyrstu greiningu í læknisvottorði er að ræða sem orsök. Að meðaltali hafa einstaklingar með örorkumat um fjórar sjúkdómagreiningar, en aðeins ein telst hér sem orsök að 75% örorkumati. Geðraskanir er helsta ástæða hjá 7.911 einstaklingum fyrir 75% örorkumati. Stoðkerfissjúkdómar koma þar á eftir hjá 4.330 einstaklingum. Sjúkdómar í taugakerfum og skynfærum er hjá 2.107 einstaklingum.


Konur eru fleiri en karlar í öllum þessum helstu flokkum í 75% örorkumati.

Ástæður 75% örorkumats




Þegar helstu ástæður fyrir 75% örorkumat
eru skoðaðar 10 ár aftur í tímann, má sjá 17%
aukningu í geðröskun til ársins 2024 eða úr 4.911
einstaklingum í 7.911.

Aukning hefur verið í öllum flokkum frá 2014 fyrir
utan stoðkerfissjúkdóma sem er eini flokkurinn sem
hefur dregist saman. Mest er aukningin í innkirtla-
og efnaskiptasjúkdómum, sem má að miklu leyti
rekja til fjölgunar tilfella sykursýkis. Þessi þróun
er í takt við að fleiri hafa greinst með sykursýki á
undanförnum árum.



75% örorkumat frá 2014-2024




Helstu ástæður endurhæfingarlífeyris

Hér má sjá fimm helstu ástæður endurhæfingarlífeyris á árinu 2024. Vert er að benda á að um fyrstu greiningu í læknisvottorði er að ræða sem orsök að endurhæfingarlífeyri. Að meðaltali hafa einstaklingar með endurhæfingarlífeyri um þrjár sjúkdómagreiningar, en aðeins ein telst hér sem orsök fyrir endurhæfingarlífeyrir. Geðraskanir er stærsti flokkur ástæðu að endurhæfingarlífeyri hjá 2.600 einstaklingum á árinu 2024. Stoðkerfissjúkdómar koma þar á eftir hjá 995 einstaklingum.

Aðrar ástæður hjá 627 einstaklingum skiptast á milli margra ólíkra sjúkdóma svo sem sjúkdómar í blóðrásarkerfi, innkirtla- og efnaskiptasjúkdómar, meðfædd skerðing, auk annarra sjúkdóma.

Konur eru fleiri en karlar í öllum flokkum endurhæfingarlífeyris.




Aukning er í öllum flokkum í endurhæfingu frá árinu 2014 og að meðaltali hafa flokkarnir þrefaldast á þessum 10 árum. Hluti af aukningu frá árinu 2022 má rekja til þess að minna var um úrræði á tímabilinu 2020-2022 vegna heimsfaraldursins Covid - 19 og er því um uppsafnaða þörf að ræða.

Flokkurinn aðrar ástæður skiptast á milli margra ólíkra sjúkdóma svo sem sjúkdómar í blóðrásarkerfi, innkirtla- og efnaskiptasjúkdómar, meðfædd skerðing, auk annarra sjúkdóma.

Til að gæta samræmis eru fjöldatölurnar í endurhæfingu teknar í desember hvert ár þar sem endurhæfing getur varað frá einum mánuði og upp í eitt ár.

Endurhæfingarlífeyrir frá 2014-2024



Geðraskanir

Stoðkerfissjúkdómar

Krabbamein

Aðrar ástæður

Áverkar


Lífeyrir hjá TR eftir aldri og kyni árið 2024

Heildarfjöldi*

Konur

Karlar


Ellilífeyrir



Konur eru heldur fleiri í öllum aldurshópum en karlar nema í aldurshópnum 65-66 ára. Langflest eru með ellilífeyrir á aldrinum 70-79 ára eða um 25.500 einstaklingar.

Samtals í öllum aldurshópum eru konur 25.300 en karlar 22 þúsund með ellilífeyri.


Endurhæfingarlífeyrir



Konur eru 62% af heildarfjölda með endurhæfingarlífeyri og 65% fleiri en karlar. Samtals í öllum aldurshópum eru konur 4.300 og karlar 2.600.

Flest sem eru með endurhæfingarlífeyri eru á aldrinum 30-39 ára eða rúmlega 1.900 einstaklingar. Þar á eftir 18-29 ára, um 1.650 og 40-49 ára, 1.625 einstaklingar. Fæstir eru í elsta aldurshópnum 60-66 ára eða um 600 einstaklingar.

Örorkulífeyrir



Konur eru 61% af heildarfjölda með örorkulífeyri og 54% fleiri en karlar.


Samtals í öllum aldurshópum eru konur um 12.600 og karlar 8.300.

Konur með örorkulífeyri eru fleiri í öllum aldurshópum nema í þeim yngsta, 18-29 ára, en þar eru karlar um 35% fleiri.

* Um er að ræða einstaklinga búsetta á Íslandi og erlendis.


Nýgengi

Nýgengi með 75% örorkumat sem hlutfall af búsettum á Íslandi




Nýgengi þeirra sem eru með 75% örorkumat af búsettum á Íslandi hefur hlutfallslega lækkað frá árinu 2014 úr 0,6% niður í 0,3% árið 2024. Konur eru og hafa verið fleiri en karlar í nýgengi örorku og þar af leiðandi hærra hlutfall af búsettum á Íslandi. Hæst var hlutfall kvenna af búsettum á Íslandi árið 2015 um 1% en karla sama ár 0,6%. Árið 2024 var hlutfall kvenna af búsettum á Íslandi 0,4% en 0,2% hjá körlum.

Nýgengi með endurhæfingarmat sem hlutfall af búsettum á Íslandi




Einstaklingum sem koma nýir inn á endurhæfingu hefur hlutfallslega fjölgað frá árinu 2014 úr 0,6% í 1% árið 2024. Konur eru og hafa verið fleiri en karlar í hópi þeirra sem eru að fá endurhæfingarlífeyri í fyrsta sinn og þar af leiðandi hærra hlutfall af búsettum á Íslandi. Lægst var hlutfall kvenna árið 2015 þegar það var 0,7% en hlutfall karla sama ár var 0,4%. Hæst var hlutfall kvenna árið 2024 eða 1,2% en 0,7% hlutfall karla af búsettum á Íslandi.

Nýjar umsóknir um ellilífeyri



Hér má sjá hvernig fjöldi þeirra ellilífeyrisþega sem sækir um ellilífeyri til TR hefur þróast frá árinu 2018. Fjöldi karla fer örlítið fækkandi en fjöldi kvenna hefur aukist en lækkar þó árið 2018. Mestur fjöldi umsókna um ellilífeyri var árið 2022 eða tæp 4.000 en umsóknum fækkar aðeins árið 2024 í tæplega 3.500.

Ellilífeyrir eftir aldri, kyni og hlutfalli af búsettum á Íslandi árið 2024



Þegar skoðuð er aldursskipting umsókna um ellilífeyri kemur í ljós að flestir umsækjendur eru á aldrinum 60-66 ára, eða rúmlega 1.600 einstaklingar. Umsóknir frá einstaklingum á aldrinum 67-69 ára eru um 1.500 og þessi aldurshópur er jafnframt hlutfallslega stærsti hópurinn miðað við aldur búsettra á Íslandi.

Hlutfallslega eru fleiri konur en karlar í yngsta aldurshópnum 60-66 ára sem óska eftir að hefja töku ellilífeyris, en hlutfallslega fleiri karlar en konur í elsta aldurshópnum 70-79 ára.

Umönnunarmat barna


Markmið umönnunarmats er að veita fjárhagslegan stuðning til framfæranda fatlaðra og/langveikra barna auk barna með þroskaraskanir.

Umönnunarmat er ákvarðað eftir flokkum og greiðslustigum. Þegar umönnunarmat er gert er horft til sjúkdómsgreiningar, færni og umönnunarþarfa barns. Flokkarnir eru fimm, þau börn sem hafa mesta þörf fyrir umönnun falla í flokk 1 en það eru börn sem vegna mjög alvarlegrar fötlunar eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni og athafnir daglegs lífs. Í flokki 5 er um að ræða börn með vægari þroskaraskanir og/eða atferlissraskanir sem þurfa aðstoð, þjálfun og eftirlit sérfræðinga.

Á árinu 2024 voru 5,6% sem hlutfall af öllum börnum á Íslandi yngri en 18 ára með umönnunarmat, þar af var greitt vegna 4,8% barna.

Meðfylgjandi tafla sýnir hlutfall af börnum yngri en 18 ára með umönnunarmat.

Hlutfall af börnum yngri en 18 ára með umönnunarmat




Umönnunar- greiðslur






Umönnunargreiðslur eru mismunandi eftir umönnunarpörf og vanda barns. Fjárhæðir eru háðar umönnunarmati þar sem flokkur 1 veitir hæstu greiðslur en engar greiðslur fylgja 5. flokki en honum fylgir umönnunarkort til lækkunar á heilbrigðisþjónustu.

Greiðslurnar eru skattfrjálssar og veittar til 18 ára aldurs.

Hlutfall af mannfjölda yngri en 18 ára með umönnunarmat



Greiðslur



Heildargreiðslur


Tryggingastofnun greiðir mánaðarlega til tæplega 75 þúsund einstaklinga og voru heildarréttinda-greiðslur tæplega 224 milljarðar króna vegna ársins 2024.

Helstu greiðsluflokkar TR eru ellilífeyrir, örorku- og endurhæfingarlífeyrir.


Aðrir flokkar eru t.d. barnalífeyrir, umönnunar-greiðslur, heimilisuppbót og bílastyrkur, svo eitt-hvað sé nefnt.

Hér má sjá hvernig greiðslur hafa vaxið á undan-förnum árum og hvernig skiptingin er á milli stærstu málaflokkanna. Heildargreiðslurnar sýna greiðslur miðað við réttindi á umræddum árum að meðtalinni staðgreiðslu.


Heildargreiðslur helstu greiðsluflokka 2014-2024




Ellilífeyrir greiðslur



Örorkulífeyrir greiðslur



Endurhæfingarlífeyrir greiðslur



■ Heildargreiðslur


— Karlar

— Konur

Helstu greiðslur eftir landshlutum

Hér má sjá hvernig greiðsluflokkarnir elli,- örorku- og endurhæfingarlífeyrir skiptast eftir landssvæðum á Íslandi. Flest sem fá greitt búa í Reykjavík og í Kraganum (höfuðborgarsvæðinu). Ellilífeyrisþegar eru stærsti hópurinn og búa rúm 14 þúsund þeirra í Reykjavík og 12 þúsund í Kraganum.

Helstu greiðslur eftir búsetu 2024



Greiðslur til annara landa


Í heildina eru einstaklingar með lífeyrisréttindi frá TR búsett í 37 löndum. Hér má sjá þróun frá 2018 til þeirra 10 algengustu landa sem TR greiðir lífeyri til.

Hreyfanleiki á milli landa hefur verið mikill undanfarin ár enda eru réttindi tryggð frá einu landi til annars í gegnum EES samninginn. Margir Íslendingar hafa nýtt sér að stunda nám og/eða starfað í öðru EES-ríki. Að sama skapi hefur fjöldi einstaklinga frá öðrum löndum komið til Íslands í leit að atvinnu. Þannig eru sífellt fleiri sem eru með lífeyrisréttindi í öðru landi og er það hlutverk TR að vera milliliður umsókna á EES svæðinu.

Samningur við Bretland um réttindi á sviði almannatrygginga

Í janúar 2024 tók gildi samningur við Bretland sem kveður á um framtíðarfyrirkomulag réttinda á sviði almannatrygginga, aðallega hvað varðar lífeyrisréttindi og sjúkratryggingar þeirra sem ferðast eða flytjast milli landanna.

Fjöldi greiðslna eftir löndum 2018–2024



Danmörk

Önnur lönd*

Noregur






Svíþjóð

Pólland

Spánn

* Önnur lönd eru samtals 37 sem dæmi:
Bandaríkin, Þýskaland, Bretland,
Portúgal, Færeyjar, Litháen, Kanada,
Holland, Frakkland og Finnland.

Þjónusta



Fjöldi erinda árið 2024

Fjöldi erinda berast til TR á hverjum degi frá einstaklingum og leggur starfsfólk TR sig fram við að leysa þau á sem skjótastan og skilvirkastan hátt. Þjónusta fer fram í síma, með tölvupósti eða með komu í þjónustumiðstöð. Ein mikilvægasta upplýsingaveitan eru Mínar síður TR þar sem öll skjöl og gögn eru birt undir aðgangi hvers og eins.

Frá fyrra ári hefur skriflegum erindum fækkað aðeins á milli ára en á móti hefur símtölum og viðtölum fjölgað á milli ára.



30.976
afgreidd erindi á árinu 2024

2.581
afgreidd erindi á
mánúði



72.429
símtöl í símaver

6.036
símtöl að meðaltali
á mánuði



21.889
viðtöl í þjónustumiðstöð


1.824
viðtöl að meðaltali
á mánuði

Símapjónusta

Að meðaltali berast rúmlega 6.000 símtöl í hverjum mánuði til TR eða um 287 símtöl á dag. Fæst símtöl bárust í apríl 4.800 símtöl en flest í ágúst 7.200 símtöl, þar sem þá var birt greiðsludreifing krafna vegna innheimtu sem hófst 1. september. Líklegasta skýringin á tiltölulega fáum símtölum í apríl er gildistími endurhæfingarlífeyris, en innhringingar vegna hans eru yfirleitt stór hluti af innkomnum símtölum.

Í heildina bárust tæplega 72.500 símtöl árið 2024 sem er aukning frá árinu 2023 þar sem fjöldi símtala var rúmlega 67.000.


Fjöldi símtala á mánuði



Hægt að bóka viðtöl í gegnum Noona appið

Starfsfólk TR leggur áherslu á að þjónusta viðskiptavini sína sem allra best og með fjölbreyttum hætti. Í apríl gafst viðskiptavinum kostur á að bóka viðtöl við sérfræðinga TR í gegnum Noona appið. Í fyrstu var hægt að bóka viðtöl hjá umboðsmanni viðskiptavina og í endurhæfingu. Síðar bættust við viðtöl í ellilífeyri og innheimtu. Viðtölin eru hugsuð fyrir þau sem þurfa nánari ráðgjöf en fæst í síma eða í þjónustumiðstöð. Alls voru 124 viðtöl í gegnum Noona, frá apríl til ársloka 2024.

Viðtöl í gegnum Noona appið




124 viðtöl bókuð í gegnum Noona appið

Fjöldi umsókna eftir árum

Frá árinu 2014 hefur fjöldi umsókna aukist jafnt og þétt, úr rúmlega 34 þúsund í tæplega 53 þúsund árið 2024, eða um tæplega 4.400 á mánuði að meðaltali.


Frá árinu 2018 hefur fjöldi umsókna aukist verulega, aðallega vegna aukningar á umsóknum um endurhæfingarlífeyri, heimilisuppbót og barnalífeyri.



Fjöldi viðtala í þjónustumiðstöð

Fjöldi erinda berst á hverjum degi og leggur starfsfólk TR sig fram um að leysa þau á skjótan og skilvirkan hátt. Þjónusta fer fram í gegnum Mínar síður TR, síma, með tölvupósti eða með komu í þjónustumiðstöð. Mikilvægasta upplýsingaveitan eru Mínar síður TR, en í gegnum þær geta viðskiptavinir sótt öll sín gögn og sent inn umsóknir. Öll svör TR við umsóknum og öðru berast að auki viðskiptavinum þar í gegn.

Fjöldi viðtala á mánuði





Fræðslufundir og heimsóknir til TR


Tryggingastofnun leggur metnað í öflugt fræðslu- og kynningarstarf og almennt hafa flestar kynningar verið um ellilífeyri, en seinni hluta ársins 2024 hófust einnig kynningar á nýju kerfi örorku- og endurhæfingar. Að venju var boðið uppá á tvo opna fræðslufundi um ellilífeyri í Hlíðasmára og voru upptökur af þeim síðan birtar á tr.is. Kynningar um ellilífeyri á starfslokanaðmskeiðum stéttarfélaga, hjá félagasamtökum, hagsmunasamtökum og stofnunum eru fastur liður hjá TR og voru þær fjölmargar á árinu 2024. Í september var sem dæmi fræðslufundur um ellilífeyrir á Akureyri að ósk félags eldri borgara þar. TR var einnig með fræðslu um aðrar tegundir lífeyris eins og örorku- og endurhæfingarlífeyri og má þar nefna kynningu hjá Krabbameinsfélaginu á pólsku og kynningu sem Landssamband lífeyris-

sjóða skipulagði fyrir starfsfólk sjóðanna. Nokkuð var um sérhæfðar kynningar svo sem fyrir geðheilsuteymi heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu, á Læknadögum um endurhæfingarlífeyri og um málefni barna hjá TR fyrir barnalækna á Landspítala. Kynningar um almannatryggingar á Íslandi voru haldnar fyrir erlenda gesti frá Noregi og Svíþjóð. Starfsfólk TR var með fyrirlestra fyrir nemendur í grunnnámi í félagsráðgjöf í HÍ sem er mikilvægt innlegg í nám verðandi félagsráðgjafa. Í upphafi árs 2024 kom starfsfólk ÖBÍ í heimsókn í Hlíðasmárann og fræddust um starfsemi TR. Mikill fjöldi kynninga var haldinn um nýtt kerfi örorku og endurhæfingar sem tekur gildi 1. september 2025 og flutti starfsfólk yfir 50 kynningar á árinu um nýja kerfið.

Heimsóknir á tr.is

Vefurinn tr.is fluttist yfir á Ísland.is í apríl á árinu. Heimsóknir á tr.is hafa verið flestar um áramót og í maí og júní. Þessi aukni fjöldi um áramót skýrist af birtingu tekjuáætlana fyrir komandi ár og aukna notkun að sumri má rekja til birtingar á árlegu uppgjöri TR á tekjutengdum réttindum.

Heimsóknir á tr.is




Innskráningar á Mínar síður TR

Á Mínum síðum TR skrá viðskiptavinir sig inn með rafrænum skilríkjum og geta nálgast öll sín skjöl, fyllt út og sent inn umsóknir, skoðað stöðuna á afgreiðslu sinna mála og sent inn og breytt tekjuáætlun, svo eitthvað sé nefnt.

Mínar síður TR hafa verið í sífelldri þróun frá árinu 2015 og innskráningum fer fjölgandi á ári hverju. Hægst hefur á aukningu á skráningum undanfarin ár. Innskráningar á Mínar síður TR árið 2024 voru rúmlega 900 þúsund.

Fjöldi innskráninga milli ára inn á Mínar síður TR





Þjónustukönnun TR

Traust til TR sambærilegt og til annarra stofnana og fyrirtækja

TR leggur áherslu á að þjónusta viðskiptavini sína með sem allra bestum hætti. Þjónustukannanir eru notaðar til að fá mynd af upplifun viðskiptavina okkar af þjónustunni.

Stór þjónustukönnun var framkvæmd af Maskínu síðla árs, annað árið í röð. Niðurstöður kannananna voru sambærilegar á milli ára.

Meðaltal svara er á kvarðanum einn til fimm. Traust til TR mældist 3,36 en 3,32 hjá öðrum fyrirtækjum og stofnunum sem Maskína mælir (Maskínu meðaltal).


Meðaltal á ánægju með þjónustu TR mældist 3,44 og 3,82 í Maskínu meðaltali.

Hæst mældist ánægja með viðmót og framkomu starfsfólks TR en 77% svarenda taldi það mjög gott og gott, 18% taldi það í meðallagi, en 5% slæmt eða mjög slæmt.

55% svarenda töldu TR standa sig vel í upplýsingagjöf, 29% í meðallagi og 16% illa.

Í heildina bárust 1.782 svör.


Traust til TR meðaltal



Viðmót og framkoma starfsfólks TR



Ánægja með þjónustu TR



Upplýsingagjöf TR





Samræmd könnun á þjónustu ríkisstofnana

TR hóf þátttöku í maí 2024 í samræmdri þjónustukönnun stofnana sem Fjármálaráðneytið stendur fyrir. TR sendir könnunina út mánaðarlega til viðskiptavina. Hægt er að skoða heildarniðurstöður allra stofnana og eins hverja stofnun fyrir sig, út frá sömu fimm spurningum á vef Stjórnarráðsins.



Viðskiptavinir

Greiðslur

Þjónusta

Ylja

Við erum TR



Árskýrsla TR 2024



89%

3.092
svör




7%

252
svör



1%

51
svör



3%

120
svör

Ánægja með þjónustu

Í þjónustumiðstöð Hlíðasmára 11 er standur með brosköllum sem viðskiptavinir geta nýtt sér til að koma á framfæri ánægju eða óánægju með þjónustuna. Samtals fengum við 3.515 viðbrögð á árinu.




96%

ánægja

Umboðsskrifstofur TR utan höfuð- borgarsvæðisins

Sýslumenn utan höfuðborgarsvæðisins eru umboðsmenn TR og veita þjónustu fyrir hönd TR á sínum svæðum.





Endurreikningur og uppgjör

Greiðslur frá TR byggja á tekjuáætlunum viðskiptavina, þ.e. hvað þau telja að þau muni hafa í tekjur á komandi ári. Endurreikningurinn byggir á tekjuupplýsingum úr staðfestum skattframtölum fyrir árið á undan. Þessi samanburður leiðir í ljós hvort viðkomandi hafi fengið greitt í samræmi við réttindi sín eða hvort frávik valdi því að einstaklingur hafi fengið van- eða ofgreitt á árinu. Eðlilegt er að frávik á greiðslum komi fram við endurreikning þar sem erfitt getur reynst að áætla tekjur fram í tímann.

Niðurstöður uppgjörs ársins 2023 var sambærileg við niðurstöður uppgjörs ársins 2022. En um þrír

af hverjum fjórum viðskiptavinum (76%) fengu ofgreitt á árinu. Síðustu ár hefur mikill fjöldi lífeyrisþega fengið ofgreitt sökum áhrifa af háu verðbólgu- og vaxtastigi sem hefur haft talsverð áhrif á bæði lífeyrissjóðsgreiðslur og fjármagnstekjur viðskiptavina.

Þrátt fyrir að viðskiptavinir beri ábyrgð á að tekju-skráning sé sem réttust þá er starfsfólk TR stöðugt að leita leiða til þess að draga úr því misræmi sem getur orðið. Þannig er unnið að betra upplýsingaflæði milli TR og lífeyrissjóða sem og við skattayfirvöld.


Samráðsnefnd

Hjá TR starfar sérstök samráðsnefnd sem fjallar um meðferð ofgreiðslna og hefur það hlutverk að taka ákvarðanir um niðurfellingu krafna. Þá getur nefndin einnig tekið ákvarðanir um frest á innheimtu og greiðsludreifingu. Heimild til að fella niður kröfur sem myndast í endurreikningi TR er háð því skilyrði að sérstakar aðstæður séu fyrir hendi. Við mat á því hvað teljast sérstakar aðstæður er einkum litið til fjárhagslegra og félagslegra aðstæðna greiðsluþega og þess hvort einstaklingur var í góðri trú um greiðslurétt sinn. Það sama gildir um dánarbú eftir því sem við á.


Á árinu 2024 var gert átak til að kynna þessa heimild enn betur, bæði í bréfum frá TR og á vef TR. Hægt er að sækja um niðurfellingu rafrænt á Mínum síðum TR.

Skýringa á fjölgun beiðna síðustu ár má m.a. rekja til áhrifa verðbólgu og hærri vaxta hjá viðskiptavinum sem hafa áhrif á rétt til greiðslna frá TR sem skattskyldar tekjur en kröfum hefur fjölgað mjög vegna þessara áhrifa.

Fjöldi beiðna um niðurfellingar eftir mánuðum árið 2024



Fjöldi beiðna um niðurfellingu árin 2018 - 2024





Stafrænt öryggi og persónuvernd

TR leggur mikla áherslu á stafrænt öryggi og persónuvernd í allri starfsemi sinni

Á árinu gerði TR samning við Defend Iceland sem miðar að því að tryggja aukið netöryggi og verndun viðkvæmra gagna í starfsemi stofnunarinnar. Með samningnum fær TR aðgang að netöryggislausnum sem tryggja stöðugt eftirlit og öryggi gagnvart síbreytilegum netógnum. Samstarfið leggur grunn að frekari þróun og samvinnu á sviði netvarnarlausna og stafrænum almannavörnum.

TR og lífeyrissjóðir semja um stafræna upplýsingamiðlun

Stórt skref var stígið þegar TR og lífeyrissjóðirnir gengu frá samkomulagi um stafræna miðlun upplýsinga um lífeyrisréttindi viðskiptavina sem hafa sótt um lífeyrisgreiðslur til TR. Með þessu móti er

hægt að fækka þeim skrefum sem umsækjandi, TR og lífeyrissjóðir þurfa að taka þegar sótt er um greiðslur frá TR. Þannig mun umsóknaferillinn verða einfaldari fyrir umsækjendur. Í samkomulagi lífeyrissjóða og TR er fjallað ítarlega um miðlun persónuupplýsinga, ábyrgð og skyldur aðila í tengslum við þá vinnslu og þjónustu sem samkomulagið tekur til.



Vefur TR opnaður á Ísland.is 10. apríl

Skýrar upplýsingar eru meðal þess sem við hjá TR leggjum áherslu á í starfi okkar. Eftir þjónustugreiningu, yfirferð og uppfærslu á öllu efni okkar sem hófst í byrjun árs 2023 var nýr vefur TR opnaður á Ísland.is 10. apríl 2024. Lögð var áhersla á að setja efnið fram með einföldum og skýrum hætti. Gerðar voru notendaprófanir á efninu áður en það fór í birtingu.

Markmið með flutningi á Ísland.is er að einfalda leit að upplýsingum um almannatryggingar og auðvelda notendum að finna upplýsingar um réttindi og greiðslur í kerfinu. Með því móti getum við dregið úr álagi á þjónustu og bætt bæði þjónustuferlið og upplifun notenda.



Á þjónustusvef á Ísland.is er að finna svör við algengum spurningum til að einfalda leit viðskipta-

vina að svörum við spurningum. Það er mun öflugri þjónusta en það sem við gátum boðið á fyrri vef okkar og mikið framfaraspor. Þjónustuvefur TR á Ísland.is var einnig opnaður 10. apríl.

Flutningur á öllu efni var umfangsmikið verk efni bæði hvað varðaði textavinnslu en ekki síður tæknilega. Þar má til dæmis nefna reiknivél lífeyris sem er mjög mikið notuð og þurfti að endurhanna hana við flutninginn. Síðla árs var síðan nýrri útfærslu af reiknivélinni bætt við þegar birt var reiknivél sem sýndi greiðslur samkvæmt nýju kerfi sem tekur gildi 1. september nk.

Öll svið innan TR komu með einum eða öðrum hætti að yfirfærslu efnis á Ísland.is og lögðust allir á eitt að standa sem best að þessu umfangsmikla verkefni, sem þó tók aðeins rúmt ár hjá okkur.

Ylja





Ylja – Nýtt örorku- og endurhæfingarkerfi

22. júní 2024 voru samþykkt ný lög á Alþingi sem fela í sér umfangsmiklar breytingar á örorku- og endurhæfingarkerfinu. Þessar breytingar taka gildi 1. september 2025. Verkefnið „Ylja“ hefur haft umtalsverð áhrif á rekstur TR árið 2024 vegna mikils umfangs og fjölda breytinga sem þarf að innleiða fyrir 1. september 2025.

Tilgangur breytinganna er að:


- Bæta afkomu þeirra sem fá örorku- og endurhæfingargreiðslur.
- Draga úr tekjutengingum.
- Auka hvata til atvinnuþátttöku.
- Auka stuðning við einstaklinga í endurhæfingu.

Nýir greiðsluflokkar

Í nýju kerfi verða innleiddir nýir greiðsluflokkar:

- Nýr örorkulífeyrir og hlutaörorkulífeyrir.
- Nýjar sjúkra- og endurhæfingargreiðslur.
- Virknistyrkur.






Samhæfingarteymi um allt land

Ein af grunnstoðum hins nýja fyrirkomulags er að koma í veg fyrir að einstaklingar falli á milli kerfa með auknu samstarfi þjónustuaðila innan vel-ferðarþjónustu og heilbrigðiskerfisins. Þetta verður gert með því að stuðla að samfelldari, heildstæðari og árangursríkari þjónustu í tengslum við endurhæfingu. Sett verða á fót samhæfingarteymi með það að markmiði að stuðla að heildstæðri nálgun og samfellu í þjónustu og framfærslu hjá þeim sem þurfa að fara á milli kerfa, þurfa þjónustu fleiri en eins kerfis og ef þjónustubörf er óljós. Samhæfingarteymin verða svæðisbundin og hefur verið skipað í sex samhæfingarteymi um allt land. Teymin skiptast upp eftir landsvæðum og er eitt teymi fyrir Reykjavík, eitt fyrir Kragann, eitt fyrir Suðurnes og Suðurland, eitt fyrir Austurland, eitt fyrir Norðurland og eitt fyrir Vestfirði og Vesturland. Hvert teymi er skipað tveimur fagaðilum frá hverjum þjónustuaðila og þátttaka í teymunum er hluti af starfsskyldu viðkomandi fagaðila. Umsjón með teymunum er í höndum teymisstjóra hjá TR og leiða þau skipulag og umsýslu mála sem koma inn á borð hvers teymis.

Eitt af verkefnum innleiðingar nýs kerfis er hönnun á þjónustugátt sem er hugsuð sem gagnasendingarkerfi í tengslum við endurhæfingu fyrir þá



aðila sem vinna innan velferðarþjónustu og heilbrigðiskerfisins. Með þjónustugáttinni verður mikil uppfærsla á verkferlum og samskiptum milli þjónustuaðila. Skilvirkni eykst og hægt verður að veita einstaklingum í viðkvæmri stöðu aukna þjónustu.

Sambætt sérfræðimat

Í nýju kerfi felst einnig sú grundvallarbreyting að nógildandi staðlað og læknisfræðilegt örorkumat, sem hefur verið í notkun á Íslandi í rúmlega aldarfjórðung, verður lagt niður. Í staðinn verður tekin upp aðferðafræði sem er byggð á ICF, alþjóðlegu flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, og hún löguð að íslensku samfélagi í nýju mati sem hefur verið kallað sambætt sérfræðimat.

Sambætt sérfræðimat er staðlað mat á getu einstaklings til virkni á vinnumarkaði þar sem færni, fötlun og heilsa er metin heildstætt og í viðum skilningi, þar sem litið er á færni sem afleiðingu af samspili heilsufars og aðstæðna einstaklings. TR ber ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd matsins og munu umsækjendur um örorkulífeyri frá og með 1. september 2025 fara í hið nýja sambætta sérfræðimat.

Örorkulífeyrir, hlutaörorkulífeyrir og virknistyrkur

Nýr og einfaldari örorkulífeyrir verður til við breytinguna og kemur í stað örorkulífeyris, tekju-






tryggingar og sérstakrar framfærsluuppbótar í nógildandi kerfi. Nýr örorkulífeyrir verður greiddur til þeirra sem metin eru með 25% eða minni getu til virkni á vinnumarkaði samkvæmt sambættu sérfræðimati og verður varanlegt. TR er þó heimilt að víkja frá skilyrði um sambætt sérfræðimat ef slíkt mat er bersýnilega óþarft að mati stofnunarinnar. Endurhæfing eða viðurkennd meðferð sem hefur það að markmiði að stuðla að aukinni færni til atvinnuþátttöku að fullu eða að hluta þarf ávallt að vera fullreynd.

Þau sem metin eru með 26-50% getu til virkni á vinnumarkaði samkvæmt sambættu sérfræðimati fá greiddan hlutaörorkulífeyri. Fjárhæð hlutaörorkulífeyris er 82% af fjárhæð örorkulífeyris.

Þau sem eiga rétt á hlutaörorkulífeyri geta fengið greiddan virknistyrk frá Vinnumálastofnun í allt að 24 mánuði á meðan einstaklingur er í virkri atvinnuleit með aðstoð stofnunarinnar. Fjárhæð virknistyrks nemur mismuninum á fjárhæð örorkulífeyris og hlutaörorkulífeyris.

Fjárhæðir greiðsluflokka breytast 1. september 2025 sem og frítekjumörk og hafa frítekjumörk vegna atvinnutekna hlutaörorkulífeyrisþega verið hækkuð töluvert samanborið við frítekjumörk í núverandi kerfi en með því er verið að draga úr tekjutengingum og auka hvata til atvinnuþátttöku. Allar upplýsingar um fjárhæðir og frítekjumörk er að finna á tr.is.

Viết erum TR



Mannauður TR í tölum

Í árslok 2024 störfuðu 108 hjá TR, 32 karlar og 76 konur í 99,7 stöðugildum.


Alls hafa 79% starfsfólks lokið háskólaprófi, en af þeim hafa 2% lokið doktorsprófi og 65% lokið öðru framhaldsnámi á háskólastigi. Menntun starfsfólks er fjölbreytt en mörg hafa lokið háskólaprófi í félagsráðgjöf, félagsfræði, lögfræði, opinberri stjórnsýslu, tölvunarfræði og viðskiptafræði.

Meðalaldur starfsfólks hefur farið lækkandi síðustu ár en árið 2024 fóru átta í starfslok vegna aldurs. Meðalaldur starfsfólks er 46,7 ár, karlar 41,8 ár en konur 48,8 ár.



47 ár


Meðalaldur
starfsfólks



108

Starfsfólk
samtals

Stöðugildi






Fjöldi viðskiptavina á hvert stöðugildi starfsmanna TR

Stöðugildi hjá TR voru að meðaltali 99.7 árið 2024.

Stöðugildi hafa nánast staðið í stað síðustu 10 ár á sama tíma og viðskiptavinum hefur fjölgað verulega um 21%.

Á mynd má sjá fjölda viðskiptavina á hvert stöðugildi hjá TR.

Viðskiptavinum á hvert stöðugildi hefur fjölgað úr 717 árið 2014 í 840 árið 2024.





Vinnustaðamenning

Vellíðan í starfi

Lögð er áhersla á mikilvægi þess að starfsfólki TR líði vel og hlúð sé að andlegri heilsu þess. Við stöndum okkur best í vinnunni þegar við erum ánægð og heilbrigð og finnum fyrir því að stutt sé við bakið á okkur.

TR gerði samning við Kara Connect þar sem starfsfólk TR getur nýtt sér þrjá tíma á ári hjá hinum ýmsu sérfræðingum, starfsfólki að kostnaðarlausu. Starfsfólk getur valið tíma hjá sérfræðingum sem sérhæfa sig á yfir 60 mismunandi sérsviðum, m.a. geðheilbrigði, sorgarráðgjöf, sambandsráðgjöf, markþjálfun, fjármálavitund og margt fleira.

Starfsfólk hefur einnig aðgang að slökunarherbergi þar sem það getur slakað á, hlustað á rólega tónlist eða leidda slökun.

Viðhorfskannanir starfsfólks

Viðhorfskannanir meðal starfsfólks á vinnustað eru mikilvægar til að fá innsýn í upplifun starfsfólks og viðhorf þess gagnvart vinnuumhverfi, stjórnun, menningu og öðrum þáttum sem tengjast vinnustaðnum.

TR notar bæði spurningar úr viðhorfskönnun HR Monitor og Stofnun ársins til mæla ýmsa þætti sem hjálpa til við að bæta og efla vinnustaðinn, auka ánægju og viðhalda góðri vinnustaðamenningu. Í viðhorfskönnuninni um Stofnun ársins var starfsfólk TR spurt út í níu þætti, þ.e. stjórnun (4,12), starfsanda (4,29), launakjör (2,89), vinnuskilyrði (3,93), sveigjanleika í vinnu (4,45), sjálfstæði í starfi (4,1), ímynd (3,09), ánægja og stolt (4,1) og jafnrétti (4,4). Heildarniðurstaða lækkaði frá fyrra ári úr 4,12 í 3,99.



Við erum stolt af starfi okkar

TR hlaut á árinu ýmsar viðurkenningar fyrir starfsemina

Jafnvægisvogin

TR er meðal þeirra 130 aðila sem hlutu viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, hreyfiaflverkefnis FKA en það voru 93 fyrirtæki, 15 sveitarfélög og 22 opinberir aðilar. Viðmiðið fyrir Jafnvægisvogina er að hafa 40/60 kynjahlutfall í efsta stjórnendalagi.

Stafræn skref

TR hlaut viðurkenningu fyrir að hafa lokið átta stafrænum skrefum af níu á ráðstefnunni Tengjum ríkið sem Stafrænt Ísland heldur ár hvert. Níunda og síðasta skrefið stígur TR þegar spjallmennni verður tekið í notkun á vef TR.

Viðurkenning fyrir nýbreytni í starfi

Á árinu veittu Alþjóðlegu almannatryggingasamtökin (ISSA) TR viðurkenningu fyrir góða starfshætti sem felast í innleiðingu á tveimur nýjungum í starfseminni; annars vegar á umboðsmanni viðskiptavina og hins vegar á stafrænu örorkuskírteini á Ísland.is. Huld Magnúsdóttir, forstjóri TR, tók við viðurkenningunum fyrir hönd TR á Evrópuþingi ISSA. Til að fá slíka viðurkenningu þarf stofnun á sviði almannatrygginga að sýna fram á að innleiðing tiltekins verkefnis hafi stuðlað að umbótum í þjónustu við viðskiptavini. Þessi tvö verkefni TR uppfylltu skilyrðin og er það fagnaðarefni fyrir TR að fá slíkar viðurkenningar frá alþjóðlegum almannatryggingasamtökum.



Stefnur


TR hefur skýra stefnu í öllum helstu starfspáttum og lögð er áhersla á eftirfylgd og árangur. Stofnunin hefur um árabil unnið með stefnumiðaða áætlanagerð og sett sér markmið og árangursmælikvarða.

Rekstur

Á árinu 2024 námu tekjur TR alls 2.076 milljónum króna sem er um 6,1% hækkun frá fyrra ári. Gjöld ársins fyrir fjármagnsliði voru 1.928 milljónir króna samanborið við 2.160 milljónir króna á árinu 2023, og afkoma ársins var jákvæð um 148 milljónir króna. Hrein eign var jákvæð í árslok um 144 milljónir króna og eignir námu um 770 milljónum króna.

Launakostnaður nam 1.347 milljónum króna sem er 69,8% af rekstrarkostnaði, en á myndinni má sjá skiptingu rekstrarkostnaðar á árinu 2024.

Nánari upplýsingar um rekstur TR er að finna í ársreikningi.

[Skoða ársreikning](#)



Framkvæmda- stjórn

Frá vinstri; Anna Elísabet Sæmundsdóttir, Þórir Ólason, Svanbjörg Berg Sigmarsdóttir, Huld Magnúsdóttir, Hermann Ólason, Þorbjörg Gunnarsdóttir

Fyrir framan sitja, Hólmfríður Erla Finnsdóttir, Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir og Sigrún Jónsdóttir

Forstjóri

Huld Magnúsdóttir

Svið stjórnhátta og stefnumótunar

Þórir Ólason

Endurhæfingar- svið

Svanbjörg Berg Sigmarsdóttir

Örorkusvið

Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir

Ellilífeyrir og fjölskyldusvið

Anna Elísabet Sæmundsdóttir

Mannauðssvið

Hólmfríður Finnsdóttir

Svið stafrænnar þróunar

Hermann Ólason

Svið samskipta og þjónustustjórnunar

Sigrún Jónsdóttir

Fjármálasvið

Þorbjörg Gunnarsdóttir



tr.is

Ársskýrsla er unnin af Tryggingastofnun.

Upplýsingar um fjölda viðskiptavina og tölulegar upplýsingar um greiðslur eru teknar úr vinnslukerfum Tryggingarstofnunar.

Upplýsingar um mannfjöldatölur niður á aldur og kyn eru unnar úr tölum frá Hagstofu.

Ljósmyndir: Marínó Flóvent

Hönnun og teikningar: Kontor auglýsingastofa